

90.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn í húsnæði Heimavalla 10.maí 2018. Mættir: Hulda Elsa, Aron, Alex, Guðbrandur. Gry, Erla og Þórunn boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1. ÞING EPF

Aron sat þing EPF f.h. KRA og gerði grein fyrir helstu málum sem þar komu upp og voru til afgreiðslu.

Nánar má kynna sér þau í fundargerð á heimasíðu EPF.

Þingið samþykkti umsókn KRA um West European Championship 2020.

2. DAGSKRÁ FORMANNAFUNDAR 26.MAÍ nk

Gengið var frá dagskrá formannafundar og ákveðið hvaða mál stjórn vilja leggja fyrir fundinn.

3. LANDSLIÐSLÁGMÖRK

Ákveðið að ræða tillögur nefndar á formannafundi. Aron kynnir. Í kjölfarið mun stjórn taka ákvörðun í málinu og endurskoða starfsreglur landsliðsnefndar.

4. LANDSLIÐSVAL

Ákveðið að stytta frest til að senda inn tillögur um landsliðsval seinni hluta árs til 20.maí.

Ákveðið að veita landsliðsnefnd heimild til að gera undanþágu frá lágmörkum við val í landslið fyrir NM jr í september ef hún telur ástæðu til. Hvert mál verður metið fyrir sig og landsliðsnefnd falið að velja hæfustu keppendur

5. AFREKSMÁL.

Sótt var um 18 milljónir úr afrekssjóði, en úthlutað var 14.5 milljónir.

Alex falið að fara yfir málið og gera tillögur um hvar verður skorið niður

Ekkert fleira gerðist

Fundarritari: Hulda Elsa